

27.11.2009

Gott kvöld öli sömun.

Í framhaldi af fyrra skeyti mínu vil ég taka eftirfarandi fram.

Ég hef verið að skoða þingskjal 129 og þar er misskilningur á ferðinni hvað varðar klíniska tannsmíði. Í athugasemdum við lagafrumvarpið er vísað til óskar Tannsmíðafélags Íslands um breytingar á lögum 109/2000 en þar segir í

3. gr. " Þá er tannsmíðum bætt við upptalningu löggiltra heilbrigðisstétta. Tannsmíði er nú löggilt iðngrein og heyrir undir iðnaðarráðuneytið, sbr. lög um starfsréttindi tannsmíða nr. 109/2000. Í framhaldi af ósk Tannsmíðafélags Íslands og að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Háskóla Íslands, Tannlæknafélag Íslands o.fl. aðila var ákveðið að leggja til að tannsmíðir yrðu heilbrigðisstétt."

Því er til að svara að þessi lög eiga engan veginn við félagsmenn Tannsmíðafélags Íslands heldur Klíniska tannsmíðameistara.

Þessi lög sem fyrirhugað er að fella niður samkvæmt frumvarpinu **að ósk þeirra sem þessi lög eiga ekki við.**

Þessi lög voru sett til þess að veita tannsmíðameisturum sem það vildu réttindi til þess að starfa óháðir og með vissum skilyrðum. Það voru nokkrir sem þáðu það og fóru til Aarhus, en í Danmörku skiptast tannsmíðir í tvo hópa: Klíniska og þá sem starfa á tannsmíðaverkstæðum. Í tannlæknadeild Aarhusa fer þessi menntun tannsmíða fram og hluti skilyrðana var að þessir íslensku tannsmíðameistarar færu þangað í frekara náms sem og þeir gerðu.

Það er því alveg óskiljanlegt hvernig hægt er að blanda saman og rugla með þessar tvær stéttir með mismunandi réttindi og fara að ósk þeirrar stéttar sem minna mentuð er (í Tannsmíðafélagi Íslands blandast saman bæði sveinar og meistarar) og sem gæta kjarahagsmuna sinna gagnvart tannlæknum. Klínískir tannsmíðir vinna algjörlega án atbeina tannlækna nema í örfáum undantekningatilfellum, sem ég veit ekki til að neinn klínískur tannsmíður sinni svoieiðis verki.

Stéttarfélag klínískra tannsmíða frábiður sér allar óskir Tannsmíðafélags Íslands um niðurlagningu klínískra tannsmíða.

Það óskar áfram að vera áfram löggilt iðngrein og heyra undir iðnaðarráðuneytið.

Kveðja Bryndís Kristinsdóttir